

Nd.

254. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um þetta stjórnarfrv.

Legg ég til, að frv. sé fellt.

Þegar síðustu fjárlög voru afgreidd og þær „efnahagsráðstafanir“ gerðar, er síðan hafa í sífellu verið að rýra efnahag þjóðar, ríkis og hverrar alþýðufjölskyldu, lét ríkisstjórnin svo sem þessi söluskattur væri aðeins á lagður til bráðabirgða, sökum þess að hinn söluskatturinn kæmi of seint til álagningar, það væri liðinn fjórðungur ársins og þessi ætti að hætta þann glataða ársfjórðung upp.

Það eru því brigðmæli ríkisstjórnarinnar að leggja þennan skatt á almenning.

Orsökina til þessara brigðmæla er sú, að hrunstefna ríkisstjórnarinnar hefur borið svo ríkulegan árangur, að nú hrynja eigi aðeins undirstöður atvinnuveganna, þannig að atvinnuleysi hefst, og efnahagur heimilanna, þannig að fátæktin gerist nú vágestur að nýju, heldur og grundvöllurinn fyrir tekjur ríkissjóðs: innflutningurinn. Virðist það ekki mikil forsjálmi sérfræðinganna, sem álíta það höfuðráð til bjargar landslýðnum að skera niður innflutning til landsins, að reikna ekki með því, að ríkistekjurnar rýrni þá um leið.

Áframhaldandi álagning þessa söluskatts er því enn ein árás á lífskjör almennings og ljóst dæmi um, í hvert öngþveiti er komið með þeirri hrunstefnu, er ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir.

Það, sem ríkisstjórnin gat gert, er hún sá, hvert stefndi, var, — ef hún vildi ekki hverfa frá villu síns vegar, — að spara óþarfa útgjöld og leggja byrðar á hin breiðu bök. En hvorugt vill hún. Frekar mun hún hafa rætt um að skera niður almanna-tryggingarnar.

Það er nauðsynlegt, að látið sé nú staðar numið um árásirnar á lífskjör alþýðu í landinu.

Því legg ég til, að þetta frv. sé fellt og þeirri stefnu, er veldur því, að það er fram komið, hnekk.

Alþingi, 19. des. 1960.

Einar Olgeirsson.